



Fjáröflun á árinu 1954 til sementverksmiðju, rafmagnsframkvæmda og íbúðabygginga.

Bjarni Benediktsson – Stjórnámál – Utanríkisráðherra – Utanríkismál – Fjáöflun – Semetsverksmiðja –
Rafmagnsframkvæmdir – Íbúðamál – Íbúðabyggingar – Framkvæmdir - 1954

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnámálamaðurinn
Askja 2-12, Örk 5

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tafla 1. Flun lánafjár til byggingar sementsverksmiðu, 1954 - 1956
M. kr.

Fjáröflun á árinu 1954

til sementsverksmiðu, rafmagnsframkvæmda og íbúðabygginga

Eins og nú horfir virðist sú leið muni að mestu lokuð á árinu að afla fjár til forgangsframkvæmda með sölu skuldabréfa til almennings. Í því, sem hér fer á eftir, er gert ráð fyrir því, að til þessarra framkvæmda verði notaður hluti þess sparifjár landsmanna, sem leggst fyrir hjá bönkunum, og sömuleiðis fé Framkvæmdabankans. Vitað er um fjárframlög ríkissjóðs til þessara framkvæmda. En ein helzta óvissan er sú, hve mikið fé muni takast af fá að láni erlendis til þeirra. Um lán til raforkuframkvæmdanna er það að segja, að sennilega myndi framkvæmdum hagað þannig, að bankarnir lánuðu fé sitt beint til Raforkusjóðs, en hin erlendu lán myndu tekin af Framkvæmdabankanum handa Raforkusjóði.

1. Sementsverksmiðjan

Tafla sú, sem fer hér á eftir, á að sýna, hvernig hugsað er að draga saman nægilegt fjármagn, innanlands og utan, til þess að standa straum af kostnaðinum við byggingu verksmiðjunnar. Gert er ráð fyrir því, að ríkissjóður og Framkvæmdabankinn leggi fram allt féð til langs tíma, en að Landsbankinn, Útvegsbankinn og Búnaðarbankinn hjálpi til að dreifa greiðslum þessara tveggja aðila á 4 í stað 3 ára.

Tafla 1. Óflun lánsfjár til byggingar sementsverksmiðju, 1954 - 1956

M. kr.

	<u>1954</u>	<u>1955</u>	<u>1956</u>	<u>1957</u>	<u>Samtals</u>
1. Ríkissjóður	2,0	5,0	5,0	2,0	14,0
2. Landsbankinn	1,0	2,0	2,0	-5,0	0,0
3. Útvegsbankinn	,5	1,0	1,0	-2,5	0,0
4. Búnaðarbankinn	,5	1,0	1,0	-2,5	0,0
5. Framkvæmdabankinn	<u>4,0</u>	<u>6,0</u>	<u>11,0</u>	<u>8,0</u>	<u>29,0</u>
Samtals	8,0	15,0	20,0	0,0	43,0
6. Erlent lán	<u>13,0</u>	<u>13,0</u>	<u>13,0</u>	<u>0,0</u>	<u>39,0</u>
Samtals					<u>=82,0=</u>

Heildarkostnaðurinn við sementsverksmiðjuna er áætlaður lauslega 82 m. kr. Gert er ráð fyrir, að vextir af lánsfé, sem Landsbankinn, Útvegsbankinn og Búnaðarbankinn lánuðu til bráðabirgða meðan á byggingu stæði, yrðu greiddir í einu lagi, ásamt lánsfénu, á fyrsta ári eftir að byggingunni lýkur. Féð myndu sparisjóðsdeildir viðkomandi banka lána.

2. Rafmagn

Hér fer á eftir áætlun um kostnaðinn við að framkvæma áætlun ríkisstjórnarinnar um framkvæmdir í rafmagnsmálunum 1954 - 1963.

Tafla 2. Rafmagnsfrankvæmdir

Ár	Heildarkostnaður	Ríkissjóður	Annað fé
1954	35	11	24
1955	35	11	24
1956	35	11	24
1957	25	11	14
1958	25	11	14
1959	20	11	9
1960	20	11	9
1961	20	11	9
1962	20	11	9
1963	15	11	4
Samtals	250	110	140

Í fyrsta dálki er sýnt hvernig heildarkostnaðurinn skiptist eftir árum. Í öðrum dálki er framlag á fjárlögum, 11 m. kr. Í þriðja dálki er sú upphæð, sem þarf að útvega annars staðar að.

Öflun fjár 1954

Upphæðin, sem þarf að útvega á yfirstandandi ári, nemur því 24 milljónum króna. Hér á eftir verður gert ráð fyrir því að takast muni að fá erlent lán til framkvæmdanna, sem nemi 10 m. kr. Lágmarks-upphæðin, sem útvega þarf innanlands, nemur því 14 m. kr. Taflan, sem hér fer á eftir, sýnir á hvern hátt gert er ráð fyrir, að upphæðin skiptist milli bankanna (til betra yfirlits er framlag ríkissjóðs tekið með).

Tafla 3. Öflun fjár til rafmagnsfrankvæmda á árinu 1954

	M.kr.
Landsbankinn	5,0
Útvegsbankinn	3,0
Búnaðarbankinn	3,0
Iðnaðarbankinn	2,0
Frankvæmdabankinn	<u>1,0</u>
Bankarnir samtals	14,0
Ríkissjóður	11,0
Erlend lán	<u>10,0</u>
Samtals	<u><u>35,0</u></u>

Eins og áður er sagt er gert ráð fyrir því, að bankarnir láni beint til Raforkusjóðs. Sennilega þyrftu lánin að vera til 18 ára, afborganalaus fyrstu 3 árin.

Þótt áætlun þessi miði við fjárförf og fjáröflun á árinu 1954, má, með hliðsjón af töflu 2, gera ráð fyrir að samskonar fjáröflun muni nauðsynleg á næstu árum.

3. Íbúðarhúsabyggingar

Ríkisstjórnin hefir tekið að sér að sjá um, að lánað verði til byggingar smáíbúða á árinu 16 m. kr. Gert er ráð fyrir, að féð verði lagt fram af eftirtöldum aðilum.

Tafla 4. Smáíbúðalán á árinu 1954

Landsbankinn	9,0	M.kr.
Útvegsbankinn	3,0	
Búnaðarbankinn	3,0	
Iðnaðarbankinn	<u>1,0</u>	
	16,0	

Yfirlit

Þar sem hér að framan er rætt um viðkomandi banka, er alls

staðar átt við sparisjóðsdeildir bankanna. Tilgangurinn er beinlínis sá, að framangreindar framkvæmdir fái forgang að þessu leyti að sparifé landsmanna. Þá er einnig gert ráð fyrir því, að bankarnir láni peningana smátt og smátt á árinu, t.d. í fjórum ársfjórðungslegum greiðslum. Hér fer á eftir yfirlit yfir útlán bankanna samkvæmt framangreindu.

Tafla 5. Yfirlit

	<u>Rafmagn</u>	<u>Íbúðalán</u>	<u>Samtals</u> ¹⁾	<u>Semts- verksm.</u>	<u>Alls</u>
1. Landsbankinn	5,0	9,0	14,0	1,0	15,0
2. Útvegsbankinn	3,0	3,0	6,0	,5	6,5
3. Búnaðarbankinn	3,0	3,0	6,0	,5	6,5
4. Iðnaðarbankinn	2,0	1,0	3,0	-	3,0
5. Framkvæmdabankinn	<u>1,0</u>	<u>-</u>	<u>1,0</u>	<u>4,0</u>	<u>5,0</u>
Samtals bankar	14,0	16,0	30,0	6,0	36,0
6. Ríkissjóður	11,0	-	11,0	2,0	13,0
7. Erlend lán	<u>10,0</u>	<u>-</u>	<u>10,0</u>	<u>13,0</u>	<u>23,0</u>
Alls	35,0	16,0	51,0	21,0	72,0

1) Þetta eru þær upphæðir, sem Landsbankinn, Útvegsbankinn og Búnaðarbankinn þurfa að lána til langs tíma. Ekki er gert ráð fyrir að þeir láni neitt til sementsverksmiðjunnar til langs tíma.

Miðað við aukningu sparifjár hjá bönkunum nemur sú upphæð, sem gert er ráð fyrir, að þeir láni kringum 1/5 hennar, eins og hún var 1953. Skiptingin milli banka á því féi, sem veita á til langs tíma miðast við þessa aukningu.